

## Mál nr.15

**KR  
gegn  
Val**

### Dómkröfur

Þess er krafist að Knattspyrnufélagi Reykjavíkur verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

### Málavextir

Í leiknum sem fram fór fimmtudaginn 4. September síðastliðinn á KR-vellinum tefldi Valur fram 10 leikmönnum sem eru eldri en 23 ára. Það voru, Barry Smith, Atli Sveinn Þórarinnsson, Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Guðmundur Benediktsson, Baldur Bett, Helgi Sigurðsson, Gunnar Einarsson, Rasmus Hansen, Sigurbjörn Hreiðarsson og Steinþór Gíslason. Þessi skipan Valsliðsins er í bága við ákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sem tilgreinir að aðeins megi hafa 6 eldri leikmenn í U23 ára móti.

### Lög og reglugerðir sem vísað er til

Í gr. 24.1.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir að

*“Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 6 eldri leikmanna.”*

Um ólöglega skipað lið ræðir í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir í grein 40.1

*“Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða(...)”*

Með hliðsjón af fyrrgreindum lagagreinum og með vísan til málavaxta er ljóst að lið Vals var ólöglega skipað þegar það tefldi fram 10 leikmönnum sem eldri voru en 23ja ára.

### Sönnunargögn

Leikskýrsla leiks KR og Vals frá 4. september 2008.

**Vitni**

Páll Kristjánsson, kt. 03.03.84-2539, s. 849-5870

Reykjavík, 8. september.

f.h.Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Guðjón Kristinsson

**Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2008, þriðjudaginn 16. september, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Sigurði I Halldórssyni og Þresti Ríkharðssyni

**Fyrir er tekið málið nr. 15/2008:**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur  
gegn  
Val

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur  
Frostaskjólí 2  
Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður: Guðjón Kristinsson  
gkr@kr.is

**Kærði:**

Valur  
Laufásvegi Hlíðarenda  
Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Ótthar Edvardsson  
otthar@valur.is

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 10. september sl. Ákveðin var flýtimeðferð málsins og var kærða gefinn sólarhringsfrestur til að skila greinargerð. Ekki barst greinargerð frá kærða.

Kært er vegna leiks liðanna í Íslandsmóti - U23 karla A, sem fram fór 4. september kl. 18:00 á KR-velli og lyktaði með markatölunni 1-1.

**Kröfur:**

Þess er krafist að Knattspyrnufélag Reykjavíkur verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru þeir að í leik liðanna í Íslandsmóti - U23 karla A, telfdi kærði fram 10 leikmönnum sem eru eldri en 23 ára. Kærandi kveður þessa liðsskipan brjóta í bága við ákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sem tilgreinir að aðeins megi hafa 6 eldri leikmenn í U23 ára móti.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til 24.1.3. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir:

*"Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 6 eldri leikmanna."*

Kærandi leggur fram afrit leikskýrslu, þar sem fram kemur að 10 leikmenn kærða eru eldri en 23 ára.

Um ólöglega skipað lið vísar kærandi til 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

**III.****Niðurstaða:**

Í máli þessu liggur fyrir að kærði telfdi fram 10 leikmönnum í leik liðanna sem eru fæddir 1984 og fyrr. Lið kærða var því ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40.1 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót:

*"Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000."*

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,- Samkvæmt framanrituðu telst kærandi hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

**IV.****Úrskurðarorð:**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur telst hafa unnið leik gegn Val í Íslandsmóti - U23 karla A sem fram fór 4. september kl. 18:00 á KR-velli með markatölunni 3-0.

Valur skal greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Halldór Frímannsson (sign)  
Sigurður I. Halldórsson (sign)  
Pröstur Ríkharðsson (sign)

**Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.